

## Fundargerð 512

Priðjudaginn 30. ágúst 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Skálholti, Skálholti. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (VRB). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson staðgengill forstjóra og forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (PS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlíð 8) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Sex mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
3. Áhættuskýrsla annars ársfjórðungs - til kynningar
4. Framfylgd starfsáætlunar stjórnar - til kynningar
5. Staðsetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu
6. Lánamál
  - a) Málskot - til afgreiðslu
  - b) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staðarval embættis Sýslumanns Íslands - til kynningar
8. Íbúakönnun í mælaborði Byggðastofnunar - til kynningar
9. Staðan í sauðfjárrækt - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrirfundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja fundargerðir stjórnarfunda nr. 509 og 510.

Engar athugasemdir komu fram og bar formaður þær upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

### 2. Sex mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2022 auk ýmissa sundurliðana úr rekstri.

MH fór yfir uppgjorið. Hagnaður tímabilsins nam 162,2 m.kr. Eignir í lok júní námu 23,2 milljörðum króna, skuldir námu 19,7 milljörðum króna og eigið fé var 3,5 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálaafyrirtæki nam 19,02% en skal að lágmarki vera 8%

HKH fór yfir vinnu endurskoðunarnefndar sem fundaði með starfsfólki og endurskoðanda.

Engir tóku til máls og bar formaður reikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Reikningurinn var svo sendur í rafræna undirritun.

### 3. Áhættuskýrsla annars ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs sem HP kynnti.

HÁ fjallaði um málefni Manar en hreinsunarkostnaður við að fjarlægja brak minkaskálans sem hrundi í vetur er áætlaður í kringum 20 m.kr.

Til máls tóku MBJ, AME og ÓH.

AME fjallaði um samstarf og fundarröð með HMS o.fl. sem fyrirhugaðar eru í vetur.

#### 4. Framfylgd starfsáætlunar stjórnar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. júlí sl.

SEP fór yfir verkefni þróunarsviðs og HÁ fór yfir stöðu póstmála. AME kynnti fyrirhugaðan stefnumótunardag vegna póstmálanna.

Umræður urðu um framtíð verkefnisins Brothættar byggðir.

Til máls tóku GP, JBÓ, VRB, ÓH, MBJ og AME.

#### 5. Staðsetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu

AME lagði til að næsti ársfundur Byggðastofnunar yrði haldinn á Húsavík 27. apríl 2023. Búið væri að taka frá hótélherbergi og fundarsali. Gert er ráð fyrir að vorfundur atvinnuráðgjafa verði haldinn á sama tíma. Fundarefni hefur ekki verið ákveðið en nokkur verið rædd.

Til máls tóku MBJ og HKH.

Samþykkt að ársfundurinn verði haldinn 27. apríl 2023 á Húsavík.

#### 6. Lánamál

a) Málskot - til afgreiðslu

...

b) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 17/22-25/22 sem AME kynnti.

#### 7. Staðarval embættis Sýslumanns Íslands - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs til stjórnar um staðarvalsgreiningu á aðsetri sýslumanns og skýrsla um staðarvalskosti fyrir aðsetur embættisins sem sent var dómsmálaráðuneytinu 10. ágúst sl. sem SEP kynnti.

Niðurstaða staðarvalsgreiningarinnar eru fjórir valkostir fyrir aðsetur sýslumanns. Staðirnir eru Búðardalur, Blönduós, Húsavík og Hvolsvöllur. Allir staðirnir uppfylla þau skilyrði sem sett voru fram um starfsemi hins sameinaða embættis auk þess að stuðla að jákvæðri byggðapróun.

Til máls tóku HKH, ÓH, SEP, JBÓ, MBJ og AME.

#### 8. Íbúakönnun í mælaborði Byggðastofnunar - til kynningar

ÞS tengdist fundinum með fjarfundabúnaði og kynnti mælaborð um íbúakönnun sem stofnunin hefur nýlega sett í loftið.

Til máls tóku VRB, MBJ, ÓH, MaH, og GP.

ÞS vék af fundi.

#### 9. Staðan í sauðfjárrækt - til kynningar

Fyrir fundinum liggur bréf frá innviðaráðuneytinu þar sem vísað er til samantektar stofnunarinnar um stöðu sauðfjárræktar sem send var ráðuneytinu 3. júní sl. Í bréfinu beinir

ráðuneytið því til Byggðastofnunar að hún fyrir sitt leyti bregðist við vanda bænda eftir því sem kostur er. AME kynnti bréfið og hvernig stofnunin muni fyrir sitt leiti bregðast við vanda bænda.

Fyrir fundinum liggur einnig minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs til stjórnar sem fjallar um starfshóp sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Vestfjarðastofa hafa sett á fót til að skoða nánar og útfæra hugmyndir að tækifærum til bættrar afkomu bænda og hafa óskað eftir aðkomu stofnunarinnar.

SEP upplýsti að Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði myndi taka þátt í starfshópnum fyrir hönd stofnunarinnar.

GP kynnti tillögur matvælaráðuneytisins um greiðslur til bænda.

## 10. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun þann 23. september nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:20

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

María Hjálmarsdóttir

María Hjálmarsdóttir

Valgerður Rún Benediktsdóttir